

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 131/1194
komudagur 7.4.2005

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2005
Tilv. 111
pF

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar dagsett 30. mars sl. um umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Kauphöllin telur ekki brýnt að takmarka heimildir til verðtryggingar fjárskuldbindinga frekar en gert hefur verið. Á árunum 1995-1998 var í áföngum dregið úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum þannig að gert var óheimilt að verðtryggja styttri innlán en til þriggja ára og styttri útlán en til fimm ára. Þarna fannst jafnvægi milli sjónarmiða þeirra annars vegar sem vildu banna verðtryggingu fjárskuldbindinga og hinna sem vildu að samningsfrelsi gildi um þetta efni.

Það er engin knýjandi nauðsyn til að leita að nýju jafnvægi milli þessara sjónarmiða. Verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Mikilvægt er til að mynda að laga- og reglugerðarumhverfi sé ekki breytt þannig að það hafi áhrif á gerð og framboð verðbréfa nema góðar og gildar ástæður séu til breytinga. Ekki verður séð að takmörkun á framboði verðtryggðra verðbréfa sé í þágu almennings eða markaðarins. Þvert á móti hafa verið færð rök fyrir því að afnám verðtryggingar væri líklega skuldurum í óhag, m.a. er bent á athuganir Seðlabanka þessu til stuðnings. Í þessu sambandi má einnig benda á að erlendir fjárfestar hafa undanfarin misseri stóraukið kaup sín á innlendum verðbréfum og hefur áhugi þeirra einkum beinst að verðtryggðum skuldabréfum. Þessi þátttaka erlendra fjárfesta í markaðnum hefur sennilega leitt af sér lækkun á innlendu vaxtastigi.

Skipun nefndar um afnám verðtryggingar er því ekki forgangsverkefni. Verði hins vegar skipuð nefnd um þetta efni er Kauphöllin reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að málið fái rækilega skoðun.

Virðingarfyllst,



Þorður Friðjónsson, forstjóri



SÆTÚN 1 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI: 563-6450 - FAX: 563-6401 NETFANG ll@ll.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2005

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða, þann 10. maí 2004, komu fram óskir um það að stjórn samtakanna léti fara fram könnun á því hvaða áhrif afnám verðtryggingar gæti haft á lífeyrissjóðina. Stjórn LL leitaði til Tryggvi Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að hann tæki að sér að semja greinargerð um viðfangsefnið.

Skýrsla Tryggva kom út í nóvember á síðasta ári. Megin niðurstöður eru þær að við mikinn óstöðugleika í efnahagslífinu og tíð óvænt verðbólguþröskot sé líkleggra að skuldunautar hagnist á því að verðtrygging sé afnumin, en að þeir tapi aftur á móti ef stöðugleiki og jöfn verðbólga ríkja. Ekki sé ljóst hvað kæmi í stað verðtryggingar sem grunnur að vöxtum á langtímalánum, ef vísitölutenging yrði afnumin, en rétt sé þó að benda á að afnám verðtrygginga á fjárskuldbindingar myndi taka nokkra áratugi í framkvæmd, því ekki sé hægt að breyta gerðum lánasamningum auk þess sem misgengi gæti skapast á milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna. Jafnframt sé líklegt að ekki yrði hægt að fá lán til jafn langs tíma og nú er. Afnám verðtryggingar gæti einnig aukið óvissu lífeyrisþega hvað varðar kaupmátt lífeyris. Skuldbindingar sjóðanna séu verðtryggðar og ef tryggingin yrði afnumin er ljóst að hætta gæti skapast á misgengi milli eigna og skuldbindinga. Afnám verðtryggingar myndi hafa mikil áhrif á eignir íslensku lífeyrissjóðanna og þar með á eftirlaun Íslendinga í framtíðinni því sjóðirnir séu lang stærstu eigendur langtímaskuldbindinga á íslenskum fjármálamarkaði.

Ekki er ljóst hvort flutningsmenn þingsályktunartillögurnar vilja beita sér fyrir afnámi verðtryggingar gagnvart lífeyrissjóðunum, a.m.k. er í greinargerð hvergi minnst beinum orðum á lífeyrissjóðina. Þá leggja flutningsmenn tillögunnar til að samtök lífeyrissjóðanna eigi ekki fulltrúa í þeirri nefnd, sem fjalla skal um afnám verðtryggingarinnar, og skýtur það frekari stoðum undir þá skoðun samtakanna að ekki sér gert ráð fyrir því að afnema verðtryggingu á eignum lífeyrissjóðanna. Ef sú skoðun samtakanna er hins vegar byggð á misskilningi, hlýtur það á hinn bóginn að sæta nokkurri furðu að ekki er ætlast til að samtök lífeyrissjóðanna skipi fulltrúa í umrædda nefnd.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Reykjavík 13. apríl 2005

Efni: Umsögn um tillögu um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við að skipuð verði nefnd sem skoði kosti og galla á verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Samtökin telja að á grundvelli slíkrar vinnu skapist möguleikar til efnislegrar umræðu um hvort afnám verðtryggingar sé til bóta fyrir lántakendur og sparifjáreigendur. Því telja Neytendasamtökin að nefndin eigi ekki að koma með “áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar”, heldur eingöngu að meta kosti og ókosti verðtryggingar.

Neytendasamtökin leggja til að auk þeirra sem tillagan gerir ráð fyrir að sitji í slíkri nefnd, tilnefni Neytendasamtökin fulltrúa í slíka nefnd.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

RSK

Alþingi
Erindi nr. P 131/1308
komudagur 14.4.2005

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. apríl 2005 2005030410

Með bréfi dags. 30. mars sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við tillögu þessa.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1332
komudagur 15.4. 2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

14. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar af fjárskuldbindingum, 182. mál.

Tillagan miðar að stofnun nefndar sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum.

Samtök atvinnulífsins telja stöðugleika og lága verðbólgu vera brýnasta hagsmunamál bæði skuldara og lánveitenda. Það er besta verðtrygging fjárskuldbindinga. Afstaða samtakanna er að bann gegn verðtryggingu fjárskuldbindinga, þ.e. bann gegn fjálsum samningum manna á milli um notkun tiltekinna skilmála, sé óeðlilegar hömlur á samningsfrelsi.

Mikil útbreiðsla verðtryggingar fjárskuldbindinga hér á landi á sér sögulegar rætur í mikilli og sveiflukenndri verðbólgu. Verðtryggingin hefur verið mikilvægt öryggistæki sem stuðlað hefur að auknum sparnaði og meira framboði lánsfjár og þar með lægri vöxtum en ella. Kostir verðtryggingarinnar samanborið við óverðtryggð kjör eru einkum þeir að óvissu um framtíðar verðbólgu er eytt og þar með það álag sem óverðtryggðir vextir fela í sér vegna framtíðar óvissu. Það er mikilvægt að opinber íhlutun verði ekki til þess að ýta undir öryggisleysi og óstöðugleika á fjármálamarkaði sem minnkaði á honum traust.

Samtök atvinnulífsins eru af ofangreindum ástæðum andvíg umræddri tillögu.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

6. apríl 2005


Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um till. til þál. um afnám verðtryggingar (182. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 30. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV vísa í umsögn sína um sama mál frá síðasta löggjafarþingi.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/884

komudagur 28.1.2004

Reykjavík, 27. janúar 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um till. til þál. um afnám verðtr. á fjárskuldbindingum (99. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins og vísa til umsagnar þeirra um málið hvað varðar sögulegar forsendur verðtryggingar og mikilvægi hennar á fjármálamarkaði. Hins vegar telja SBV, eins og fram kemur í umsögn SA, að líklegt sé að íslenskur lánamarkaður muni hægt og bítandi draga úr notkun verðtryggingar á komandi árum. Í þeim efnum má reyndar hafa í huga að sú takmörkun sem Seðlbankinn hefur sett á skammtíma verðtryggingu nær einvörðungu til sparifjár og lánsfjár, en ekki annarra tegunda af skuldbindingum, svo sem húsaleigusamninga og verktakasamninga. SBV telja engin rök til að setja lagalegar hömlur á beitingu verðtryggingar, heldur sé eðlilegt að leyfa markaðnum hvað þetta varðar að þróast á eðlilegan máta. Í ljósi þess sjá SBV ekki ástæðu til að setja á fót sérstaka nefnd, enda líklegt að niðurstöður slíks nefndastarfs yrðu fremur til almennrar upplýsingar um væntanlega þróun en að fram kæmu tillögur um lagaleg inngrip.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. þ 131/1176
komudagur 6.4.2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að skipuð verði nefnd til þess að leggja mat á áhrif afnáms verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum.

Samtök iðnaðarins eru þeirrar skoðunar að tímabært sé að skoða þessi mál í alvöru og að hin umfangsmikla verðtrygging sem tíðkast hérlandis verði afnumin. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að áhrifum gengissveiflna á slíkar breytingar.

Í tengslum við verksvið nefndarinnar vilja Samtök iðnaðarins benda á nauðsyn þess að skoðað verði sérstaklega að taka upp samræmdar reglur um verðtryggingar verksamninga. Mjög er misjafnt hvernig þessum málum er háttað við opinber innkaup. Almennt eru lengri verksamningar fremur verðtryggðir en þeir sem eru til skamms tíma en engar samræmdar reglur eru þar um. Mismunandi aðferðir við verðtryggingu eru einnig notaðar frá einum tíma til annars og frá einni stofnun til annarar sem standa fyrir opinberum innkaupum og framkvæmdum.

Það er óeðlilegt að það sé lagt á verktaka að taka ábyrgð á verðsveiflum vegna kostnaðarhækkana á verktíma, sem oft er langur, og stafa oftast en ekki af sveiflum í gengi og verðbólgu sem helstu efnahagsstofnanir landsins treysta sér ekki til að spá fyrir um með neinni vissu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 131/1284
komudagur 13.4.2005

11. apríl 2005
SÍ-21942

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 30. mars 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun nefndar til þess að gera tillögu um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Í umsögn Seðlabanka Íslands um samhljóða tillögu til þingsályktunar, dags. 2. desember 2003, sagði eftirfarandi:

„Seðlabanki Íslands hefur nokkrum sinnum á undanförunum árum veitt umsagnir til Alþingis um tillögur til þingsályktunar eða frumvörp til laga um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Tillagan sem hér er til umsagnar er annars eðlis þar sem hún felur í sér stofnun nefndar sem falið yrði að leggja mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Seðlabanki Íslands leggst ekki gegn stofnun slíkrar nefndar og er reiðubúinn að taka þátt í störfum hennar verði tillagan samþykkt. Seðlabankinn vekur athygli á því sem komið hefur fram í fyrri umsögnum að afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum til lengri tíma væri ekki heppilegt og yrði skuldurum ekki til hagsbóta.”

Í umsögn Seðlabankans í desember 2003 var jafnframt vakin athygli á grein sem birtist í ársfjórðungsriti bankans *Peningamálum* í maí 2003 og bar yfirskriftina *Verðtrygging og fastir vextir*. Í henni komu fram upplýsingar sem að haldi kunna að koma við umfjöllun um þingsályktunartillöguna sem hér er til umsagnar. Seðlabankinn hefur engu við fyrri umsögn að bæta að þessu sinni.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. **P** 131/1259
komudagur 12.4.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnun 1917

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2005.

Efni: Till. til þingsál. um afnám verðtr. á fjárskuldbind. (182. mál).


Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu en efni hennar verið áður verið til umfjöllunar á Alþingi og Verslunarráð þá komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Verslunarráð er enn þeirrar skoðunar að ekki sé efni til fyrir að Alþingi að beita sér fyrir því formlegu afnámi verðtryggingar á inn- og útlánum.

Með tillögunni virðist vera gengið út frá því að lántakendur hafi ekki nú þegar val um lánskjör með og án verðtryggingar. Það er auðvitað ekki rétt. Þá er afar óljóst við hvað er átt með hugmyndinni um áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar *miðað við mismunandi verðbólguþig og forsendur Seðlabankans um verðbólguþig*.

Það er rétt sem fram kemur í greinargerð að verðtrygging þekkist ekki í mörgum löndum. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að verðbólga þekkist heldur ekki í öðrum vestrænum löndum í sama mæli og hér á landi. Nýlega bárust þannig af því fréttir að 12 mánaða verðbólga í febrúar hafi mælst næst mest hér á landi af öllum ríkjum OECD. Aðeins í Tyrklandi var hún hærri.

Verslunarráð leggst gegn því að þingsályktunartillaga þessi nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður Á. Andersen.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARRÁÐS
KRINGLANI 7
103 REYKJAVÍK

SÍMI/TEL. (354) 510 7100

FAX (354) 568 8564

info@chamber.is
www.chamber.is